

Umsögn barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 278. mál.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar. Tillagan er yfirgripsmikil og tekur í stórum dráttum á atriðum sem nefndin telur mikilvægt að sett sé inn í slíka áætlun. Hér á eftir er farið yfir helstu atriði tillögunar og gefin umsögn um hvert atriði.

A.hluti: Gagnreyndar aðferðir í barnavernd

1.Nýtt meðferðarheimili á höfuðborgarsvæðinu.

Nefndin fagnar því að til standi að stofna nýtt meðferðarheimili fyrir unglunga með alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda á höfuðborgarsvæðinu, þar sem betra aðgengi er að sérfræðingum sem sérhæfa sig í þjónustu við þennan hóp unglunga. Engu að síður vill nefndin leggja áherslu á að einnig sé gert ráð fyrir að tengja þjónustu við þennan hóp við heimaumhverfi þannig að það verði ekki svo að þjónustu sleppi um leið og barnið er farið „af svæðinu“, þ.e. úr þjónustu sérfræðinganna á höfuðborgarsvæðinu. Reynsla nefndarinnar hefur, því miður, verið sú að eftir að barn hefur verið í þjónustu þriðju línu stofnana á höfuðborgarsvæðinu, sem þessi stofnun mun eflaust einnig falla undir, hefur reynst erfitt að halda utan um þjónustu í heimabyggð, þar sem ekki hefur verið áhersla á að byggja upp sérþekkingu á þessu sviði á landsbyggðinni. Þó þarf að taka fram að tilkoma þjónustu MST á landsvísu hefur valdið því að fagaðilar sem vinna í heimabyggð barns, hafa getað nýtt tækifærið og lært af þeim ráðgjöfum sem koma að málum viðkomandi barns og veita þjónustuna í heimabyggð. Helst hafa fagaðilarnir í heimabyggð viðkomandi barns geta nýtt sér þá hugmyndafræði sem MST vinnur útfrá og þeirri faglegu nálgun sem er nýtt í því úrræði. Þrátt fyrir að það sé ekki meginhugmynd þess úrræðis, að þjálfa upp fagaðila í heimabyggð og algerlega tilfallandi hvort að barn á viðkomandi svæði hafi fengið þá þjónustu, hefur það nýst í því skyni og væri kannski hugmynd að halda markvisst námskeið í hugmyndafræði MST fyrir barnaverndarstarfsmenn á landsvísu sem eru oft einu fagaðilarnir á sínu svæði sem hafa þekkingu á þessu sviði.

2. PMTO-þjónusta.

Nefndin fagnar því að til standi að efla PMTO-þjónustu á landsvísu, að PMTO meðferðaraðilum verði fjölgað og að reglulegt eftirlit verði á gæðum þjónustunnar. Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum vill þó gera athugasemd við það að einblína á og „ríkisstyrkja“ á þennan hátt eina tegund af uppeldis-og foreldrafærniþjálfun þar sem að PMTO er eingöngu eitt af mörgum gagnreyndum foreldrafærnimódelum sem eru nýtt í heiminum í dag. Engu að síður er einnig svo að með því að leggja áherslu á fjölbreytta, vandaða og alhliða menntun og þjálfun þess fagfólks sem vinnur með börnum á hverju svæði fyrir sig, eru bestu líkurnar á að vel takist til með uppeldi barna á hverju þroskastigi og því fagnar nefndin því að unnið sé með foreldrafærni og að áherslan sé að fjölskyldumiðaða þjónustu á öllum stigum stjórnsýslunnar. Hér á Vestfjörðum er enginn PMTO menntaður fagaðili að störfum og var áhugavert að sjá í tillögunni upptalningu á þeim sveitafélögum sem hafa innleitt þessa þjónustu og að það séu ákveðin þjónustusvæði sem halda utan um PMTO þjónustuna á landsvísu. Nefndin saknaði þess þó að sjá ekki hvaða þrjú svæði það eru sem til stendur að innleiða þjónustuna í. Einnig saknaði nefndin þess að það virðist ekki standa til að fara markvisst í að innleiða þessa þjónustu, markvissa foreldrafærniþjálfun, í alla landshluta, sem er að mati nefndarinnar verðugt verkefni og mun örugglega skila árangri.

B.hluti: Bætt verklag í barnavernd.

3.Leiðbeinandi verklagsreglur um tilkynningar.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar þessari tillögu þar sem að það er mikilvægt að samræma verklag á landsvísu hvað varðar vinnslu barnaverndarmála. Engu að síður lýsir nefndin áhyggjum yfir rökstuðningnum fyrir því að mikilvægt sé að gera leiðbeinandi verklagsreglur, sjá bls.8 í greinargerð með tillögunni til þingsályktunar. Þar kemur fram að tilkynningum til barnaverndarnefnda hafi fjölgað um 9,1% á milli árána 2015 og 2016 og að „það er ljóst að aukinn fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda kallar á forgangsröðun mála til að tryggja að brugðist sé tímanlega við vísbindingum um alvarlegan vanda barns eða fjölskyldu“ og að til standi að gera viðmið „um forgangsröðun barnaverndarmála eftir alvarleika og kynna þær fyrir starfsfólki barnaverndarnefnda“. Hvergi í greinargerðinni né í greininni sjálfri er rætt um mikilvægi þess að efla barnaverndarstarfið með fjölgun starfa og/eða með aukinni sérfræðiþekkingu til að gera starfsfólk barnaverndarnefnda betur kleift að sinna þessum aukna málafjölda heldur er eingöngu rætt um

að það þurfi að forgangsraða málum betur. Einnig kemur fram að aukningin hafi margfaldast á landsbyggðinni miðað við á höfuðborgarsvæðinu og þannig leitt að því líkum að hægt sé að draga þá ályktun að ástæðan fyrir þeirri aukningu sé sú að barnaverndarstarfsmenn á landsbyggðinni kunni ekki að forgangsraða málum frekar en að vandi barna á landsbyggðinni hafi aukist og/eða þekking á málaflokknum hafi aukist á landsbyggðinni sem hafi valdið auknum tilkynningum. Þessi málaflutningur veldur nefndinni áhyggjum þar sem að snemmtæk íhlutun hefur hingað til talist mikilvægasta íhlutunin í barnaverndarmálum og það að það þurfi að kenna barnaverndarstarfsmönnum að „forgangsraða“ málum frekar en að efla starfið sjálft þykir nefndinni ekki góð forgangsöröðun.

Hvað varðar greinar nr.4,5 og 6 um

4. Vinnulag og málafjöldi í barnavernd,

5. ESTER-matskerfið í barnavernd,

og

6. Barnvæn nálgun í heimilisofbeldismálum,

Fagnar Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum þeim tillögum og styður þær heilshugar.

C. Barnaverndarlöggjöf

Hvað varðar greinar nr.7 og 8 um

7. Skipan starfshóps um breytingar á barnaverndarlögum,

8. MST fjölkerfameðferð

Fagnar Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar þeim tillögum og styður þær heilshugar með þeim fyrirvara um að nefndinni þykir varasamt að tiltaka ákveðin meðferðarmódel í lögum heldur að það verði frekar sett inn almenn ákvæði um eðli hverrar þjónustu fyrir sig.

Hvað varðar greinar nr.9,10 og 11 um

9. Barnahús

10.Viðbragðsáætlun vegna voveiflegra dauðsfalla barna.

11. Setning og endurskoðun reglugerða á grundvelli barnaverndarlaga

Fagnar Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum þeim tillögum og styður þær heilshugar.

D. Rannsóknir:

Hvað varðar greinar nr.12, 13, 14 og 15 um

12.Afdrifa-og árangurskannanir

13. Þjálfun og fræðsla fósturforeldra.

14. Fjölgun fósturforeldra.

og

15.Innleiðing gagnreyndra aðferða í fósturmálum

Fagnar Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum þeim tillögum og styður þær heilshugar.

Ísafjörður, 3.maí 2017

Fyrir hönd barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum,



Guðlaug M. Júlíusdóttir
Félagsráðgjafi MA,
Deildarstjóri barnaverndar.